

Mánudaginn 4. febrúar kom hreppsnefnd saman til 3. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur og Jón, Helga Erla í stað Eyþórs.

1. Erindi frá Kolbeini Ísak Hilmarssyni um leigu á flugvellinum.
Vegna þessa erindis er minnt á að Borgarfjarðarhreppur sendi bréf til ISAVIA 11.07.2016 og spurðist fyrir um áform ISAVIA með flugvöllinn. Engin svör hafa borist þrátt fyrir ítrekanir.
Hreppsnefndin tekur vel í erindi Kolbeins og samþykkir að taka upp viðræður.
2. Auka aðalfundur SSA 11.02.2019. Málefni fundarins verður stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú.
Jón Þórðarson mætir á fundinn fyrir Borgarfjarðarhrepp.
3. Bréf:
 - a. Beiðni um fund frá aðstoðarmanni umhverfisstjórnar. Fundarefnið er tillaga að friðlýsingu svæðisins frá Njarðvík að Loðmundarfirði byggir á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á Alþingi árið 2004.
 - b. Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið um framkvæmd áfangastaðaáætlana, með bréfinu er farið fram á áfangastaðaáætlun Austurlands verði tekin fyrir í sveitarstjórn.
4. Fundargerðir:
 - a. Samband ísl. sveitarfélaga 25.01.2019, lögð fram til kynningar.
 - b. Hafnarsamband Íslands 18.01.2019, lögð fram til kynningar.
5. Skýrsla sveitarstjóra, rætt um sameiningarmál, samgönguáætlun, minnkur í Hafnarhólma veldur áhyggjum.

Fundi slitið kl: 19:05

Jón Þórðarson ritaði